

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

25.8.2025
UOS2506351/F.T.

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt, dags. 26. júní 2025 þar sem stofnunin stöðvaði markaðssetningu vörunnar Stomp Aqua tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Stofnuninni hefur nú borist staðfesting (dags. 9.7.2025) frá rekstraraðila að Terra efnaeyðing hafi tekið við og eytt vörunni sem um ræðir.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á framangreindar úrbætur og telst málinu lokið. Stofnunin tekur þó fram að áfram er þó óheimilt að markaðssetja og nota Stomp Aqua.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt 38. gr., sbr. 1. gr., gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023, með síðari breytingum. Gjaldið er 41.600 kr.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir

sviðsstjóri

Frigg Thorlacius

lögfræðingur